

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015, Gamla tún, Hrútavogstangi, Vogahraun, Stórarjódur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. febrúar 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015 frá 31. desember 1997.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Svæði sem nú er skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði á „Gamla túni“, suðaustan við Hótel Reyrihlíð breytist að hluta í íbúðarsvæði fyrir um 6 lóðir og að hluta í blandaða landnotkun verslunar- og þjónustusvæðis og íbúðarsvæðis.
- Við Hrútavogstanga er gert ráð fyrir að iðnaðarsvæði minnki úr 1,5 ha í 0,9 og í stað þess verður hluti svæðisins skilgreint íbúðarsvæði fyrir 2 einbýlishúsalóðir, um 0,2 ha.
- Við nyrsta hluta Vogahrauns er gert ráð fyrir tveimur 2.000 m² svæðum fyrir frístundabyggð á svæði sem áður var skilgreint sem landbúnaðarsvæði/heimalönd.
- Tjaldsvæði í Vogahrauni sem nú er skilgreint sem svæði til sérstakra nota, stækkar um 0,33 ha og breytist í blandaða landnotkun opins svæðis til sérstakra nota og verslunar- og þjónustusvæðis.
- Svæði við Stórarjódur, austan við Stekkholt þar sem skilgreind er blönduð landnotkun frístundabyggðar og opins svæðis til sérstakra nota, stækkar úr 3 ha í 16 ha. Svæðið breytist annars vegar í 2 ha svæði fyrir verslun og þjónustu og opið svæði til sérstakra nota og hins vegar í 14 ha svæði fyrir frístundabyggð þar sem gert er ráð fyrir um 30 frístundahúsalóðum.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Skútustaðahrepps.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 2. febrúar 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.